# LAXÁ Í AÐALDAL 1987

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1988 VMST-N/88011X

**VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD**
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

# LAXÁ Í AÐALDAL 1987

## INNGANGUR

Sumarið 1987 voru athuganir í Laxá með svipuðum hætti og árin á undan. Rafveitt var á sömu stöðum og áður, og veiðimenn í Vökuholti söfnuðu hreistursýnum af veiddum löxum. Árin 1985 og 1986 veiddust yfir 1000 smálaxar í Laxá, eftir frekar léleg ár þar á undan. Sumarið 1987 dró mikið úr smálaxaveiði, alls veiddust 736 slíkir á móti 1342 árið áður Þetta er í samræmi við niðurstöður rafveiða (Tumi Tómasson, 1987). Hinsvegar var stórlaxaveiðin góð. Alls veiddust 1641 lax sem dvalið hafði 2 ár í sjó, og 45 stærri laxar. Heildarveiðin varð því 2422 laxar.

## ALDURSGREINING HREISTURSÝNA

Alls bárust 248 sýni. Söfnunarátakið var nokkuð gott og fremur jafnt þó heldur hafi dregið úr sýnatöku þegar komið var fram í ágúst. Hlutföll laxa af mismunandi sjávaraldri eru mjög svipuð í veiðinni og úrtakinu sem sýni voru tekin af. Óvenju mikið bar á því að hreistursýni af tveimur eða fleirum löxum væru í sama pokanum. Brýnt er að menn vandi vel til sýnistökunnar, hreinsi hnífinn vel áður en sýni eru tekin af nýjum fiski. Einnig er mikilvægt að hreistrin séu sem hreinust og slím og óhreinindi skafin af laxinum áður en hreistrin eru tekin.

Af þeim 248 hreistursýnum sem bárust, reyndust 11 vera ónýt eða ólæsileg og sjö (3%) voru af löxum sem voru að koma til hrygningar öðru sinni. Það er einkum tveggja ára lax sem hrygnir tvisvar og því má búast við að hlutfall laxa sem ganga öðru sinni muni aukast verulega nú í sumar. Þá ættu að koma fram áhrif aukningarinnar sem hófst í veiðinni 1985.

Í Töflu 2 eru teknar saman niðurstöður aldursgreininga hreistursýna frá 1987.

Samkvæmt seiðaathugunum 1984 mætti ætla að seiðasleppingin það árið myndi skila um 3 löxum í veiði á móti hverjum 7 sem skiluðu sér úr klakinu 1983 (Tumi Tómasson, 1985).

Sé litið á þetta hlutfall í hreistursgreiningunni kemur í ljós að það er 2.2-4.3 á móti 7 og 3.2 að meðaltali, sem samsvarar mjög vel niðurstöðum seiðaathuganna 1985. Reyndar var búist við heldur lægra hlutfalli úr hreistursgreiningunni, því einhver hluti 1983 árgangsins sem veiðist í Laxá á uppruna sinn í hliðaránum. Það er einnig nokkuð góð samsvörun í niðurstöðum hreisturlesninga milli ára. Þetta bendir til að þrátt fyrir að oft geti verið erfitt að túlka vaxtarmynstur í hreistri, þá er þetta aðferð sem má treysta nokkuð á.

Hlutfall laxa í veiðinni sem á uppruna sinn í hliðaránum er a.m.k. 30% í stórlaxinn, sem er sama hlutfall og fékkst fyrir smálaxinn 1986 (Tumi Tómasson 1987). Þessa ályktun má draga af þeim fjölda laxa sem hafa dvalið fjögur eða fleiri ár á uppvaxtarskeiði sínu í ferskvatni. Í Reykjadalsá er algengt að seiði séu fjögur ár að ná gönguþroska, en í Laxá hefur svo langt ferskvatnstímabil ekki þekkst í mörg ár. Minnkandi hlutfall af smálaxi með fjögur ferskvatnsár má e.t.v. rekja til lægri ferskvatnsaldurs í hliðaránum, en stór hluti skýringarinnar er þó líklega sá að hlutur Laxár í smálaxinum hafi aukist eins og yfirleitt gerist þegar laxgengd minnkar.

ATHUGANIR Á SEIÐASTOFNUM

Sumarið 1987 voru seiðastofnar Laxár kannaðir með rafveiðum þrisvar sinnum, í byrjun maí, byrjun júlí og um 10. september. Í hvert skipti var veitt á hefðbundnum stöðum, en að auki var veitt á nokkrum stöðum þar sem búin höfðu verið til búsvæði fyrir laxaseiði með grjótburði, einkum við Tvíflúðir og Jarlstaði. Í Töflu 1 er gerð grein fyrir öllum veiðistöðunum, legu þeirra og hvenær veitt var á hverjum stað.

Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflum 3 og 4 og á Myndum 1-6.

Náttúruleg viðkoma laxins var mjög lítil á Laxá 1983 og 1984 (Tumi Tómasson 1985), en hefur síðan aukist stöðugt. Aldrei hefur fundist jafn mikið af ársgömlum seiðum síðan athuganir hófust aftur 1983, eins og síðastliðið sumar. Í september 1985 var þéttleiki vorgamalla seiða 0.3-1.5 á hverja 100 $m^2$ og í lok ágúst 1986 veiddust 0.2 - 10.4 vorgömul seiði á hverja 100 $m^2$ (Tumi Tómasson, 1987). Haustið 1987 voru sambærilegar tölur 0.9-31.9. Þéttleiki seiða var minnstur á neðstu stöðunum, en frá Laxárvirkjun og niður að Jarlstöðum má reikna með að náttúruleg nýliðun sé næg til að fullnýta framleiðslugetu árinnar fyrir laxaseiði.

Haustið 1986 var mikið af stórum seiðum í Laxá, þ.e. 1+ og eldri seiðum, einkum neðarlega í ánni (staðir 5, 6 og 7). Vorið 1987 var gott og flest þessara seiða gengu þá til sjávar. Því má að öðru óbreyttu reikna með að smálaxagöngur verði góðar sumarið 1988.

Síðastliðið haust bar mun minna á stórum seiðum í rafveiðunum. Þetta gæti að hluta til hafa orsakast af að mjög lítið vatn var í ánni og að eldri seiði hafi þá fært sig utar í ána þar sem ekki er rafveitt. Ég tel þó að líklega muni heldur draga úr gönguseiðaframleiðslu árinnar nú í sumar frá því sem var í fyrra.

Eins og fyrr segir, var sérstaklega kannaður árangur við gerð uppeldissvæða fyrir laxaseiði sem unnið hefur verið að síðastliðin ár.

Grjótgarðarnir sem Scott gerði sumarið 1986 komu mjög vel út. Þeir eru kallaðir 2c og 2e, en samanburðarstaðir 2b og 2d.

Í þessum tveimur görðum var mjög mikið af bæði laxa- og urriðaseiðum. Þrátt fyrir þetta var vöxtur seiðanna góður, enda fæðunámið líklegast af mun stærra svæði.

Viðmiðunarsvæðin fyrir ofan garðana eru slétt og skjóllítil, enda veiddust þar sárafá seiði. Ég tel að í þessum tveimur litlu görðum hafi skapast skilyrði fyrir framleiðslu a.m.k. 100 gönguseiða á ári, sem hugsanlega gætu gefið um 10 laxa veiði. Grjótgarður við Skáleyjarstíflu (staður 2a) og Jarlssaði (5a og 5b) gaf einnig mjög góða raun.

Gerð búsvæða fyrir uppvaxandi seiði með gerð skjólgarða úr grjóti er laxræktaraðgerð sem gefur öðrum slíkum, t.d. sleppingum gönguseiða og smáseiða, ekkert eftir.

## ÁRANGUR SEIÐASLEPPINGA

### Smáseiðasleppingar

Sumarið 1984 var sleppt alls 71500 smáseiðum í Laxá og virtist sú slepping takast mjög vel. Vöxtur seiðanna var góður, og eitthvert hlutfall þeirra fór út eftir aðeins eitt ár, en einnig eftir tvö ár. Þessi seiði hafa skilað sér sem smálax 1986 og 1987 og stórlax 1987, og afgangurinn mun koma sem stórlax nú í sumar. Hingað til hafa alls skilað sér í veiði 496 laxar (201+147+148) eða 0.69%. Líklega munu heildarheimtur verða nálægt 1.0% áður en yfir líkur. Þetta telst alveg viðunandi árangur.

Ekki er hægt að áætla árangur annarra sleppinga ennþá. Sleppingin 1985 virtist einnig takast mjög vel en hún mun þó ekki fara að skila sér fyrr en í sumar (1988).

Eins og fram kom í síðustu skýrslu (Tumi Tómasson 1987), voru seiðin sem sleppt var 1985 mjög smá, og mun smærri en náttúruleg 1+ seiði á þessum tíma. Áin var einnig óvenju köld þetta sumar og sem olli því að heldur dró sundur í stærð þessa seiðahópa þegar leið á sumarið.

Smáseiðasleppinginn 1986 tókst mun verr. Þá hafði orðið veruleg aukning náttúrulegra 1+ seiða miðað við árið á undan, og varð það til þess að sleppiseiðin voru lengi að aðlagast lífinu í ánni, þau uxu illa og þeim fækkaði hlutfallslega miðað við aðra seiðahópa þegar leið á sumarið.

Eins og fram kom þegar fjallað var um niðurstöður raf-veiðanna 1987 var útkoma smáseiðsleppinga það sumar svipuð og árið á undan. Því má reikna með að árangur smáseiðasleppinga 1986 og 1987 verði ekki mikill. Hinsvegar bendir góður vöxtur náttúrulegra seiða til að þessar sleppingar hafi ekki verið til bölvunar, en slíkt getur gerst þegar samkeppnin um pláss og fæðu eykst. Í Laxá er samkeppnin um búsvæði (fylgsni) líklega takmarkandi þáttur seiðaframleiðslunnar, en ekki fæðuframboðið.

Gönguseiðasleppingar

Vorið 1986 var alls sleppt 10400 gönguseiðum í Laxá. Þau voru ekki örmerkt. Þess í stað var reynt að auðkenna þau með klippingu kviðugga, en athugun á þeirri uggaklippingu leiddi í ljós að líklega myndu uggarnir vaxa út aftur (Tumi Tómasson 1987). Samkvæmt hreistursgreiningu má ætla að um 6% smálaxanna sem veiddust 1987 hafi átt uppruna sinn í þessum sleppingum. Þetta eru þá alls um 44 laxar eða 0.42% af sleppingunni sem eru svipaðar heimtur og undanfarin ár.

Alls skiluðu sér 10 merki af stórlöxum úr sleppingu 1985, en hinsvegar virtust alls um 2% vera úr þeirri sleppingu, skv. greiningu hreistursýna, eða um 33 laxar. Þessar niðurstöður benda til að merkin heimtist illa, en fá sýni standa að baki þessum athugunum og það eykur óvissuna í miðurstöðunum. Sé eingöngu tekið tillit til skilaðra merkja eru heildar heimtur úr gönguséiðarsleppingum 1985 0.74%.

ÁLYKTANIR

Ástand seiðastofna Laxár er almennt nokkuð gott, þó búast megi við minni gönguseiðaframleiðslu vorið 1988 heldur en vorið 1987. Nýliðun í seiðastofninum hefur aukist með hverju ári síðan athuganir hófust 1983. Að líkindum fullnýta náttúruleg seiði nú þessi uppeldisskilyrði sem í ánni eru, nema e.t.v. á neðstu köflum árinnar, þ.e. fram að Knútsstöðum eða svo (fram fyrir veiðistað 6).

Uppeldisskilyrði takmarkast fyrst of fremst af skorti á skjóli fyrir stærri seiði, en ekki af fæðuframboði. Búsvæðagerð með gerð grjótgarða hefur gefist mjög vel og er líklega ein besta ræktunaraðgerðin við ríkjandi skilyrði.

Smáseiðasleppingar hafa tekist verr sl. tvö ár en árin þar á undan. Þó má ætla að slepping nokkurra þúsunda seiða frá Mýrarvatni og fram að Knútsstöðum gæti gefið góða raun.

Árangur gönguseiðasleppinga virðist nú vera um 1-2% heimtur í veiði.

HEIMILDIR

Tumi Tómasson, 1985. Athugun á Laxá í Aðaldal 1984. Skýrsla Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar. 10 bls.

Tumi Tómasson, 1987. Laxá í Aðaldal 1985 og 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/87008X. 26 bls.

Tafla 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Aðaldal 1987. Veiðidagur gefur til kynna hvenær var veitt, í byrjun maí (1), í byrjun ágúst (2) og um 10. september (3).

| Númer | veiðidagur | Staðsetning og einkenni |
|---|---|---|
| 1 | 1.2.3. | Fyrir neðan virkjun, við vesturbakkann. Grýtt og straumhart. |
| 2 | 1.2.3. | Fyrir neðan Hraunstíflu, við austurbakkann. Smágrýtt í bland, en víðast sléttur þjappaður botn. |
| 2a | 1 | Fyrir neðan Skáleyjarstíflu, við austurbakkann. Stórgrýtt og grýtt að hluta, þar sem grjóti var ekið 1985. |
| 2b | 1 | Um 20 m fyrir ofan efri grjótgarð sem Scott gerði við Tvíflúðir 1986. Botninn sléttur og þjappaður. |
| 2c | 1 | Efri grjótgarður við Tvíflúðir sem Scott gerði. |
| 2d | 2 | Um 20 m fyrir ofan neðri grjótbreiðu sem Scott gerði við Tvíflúðir. Botninn sléttur og þjappaður. |
| 2e | 2 | Neðri grjótbreiða sem Scott gerði 1986. |
| 3 | 1.2.3. | Við Langey, í kvíslinni. Smágrýtt læna, víða skjóllítið. |
| 4 | 1.2.3. | Fyrir ofan Hólmavaðsbrú að vestan Smágrýtt við landið, en þjappaður hraunbotn utar. |
| 4a | 2 | Skammt fyrir ofan Hólmavað að vestan. Stórgrýtt og straumhart. |
| 4b | 2 | Við austurbakkann á móti við Hólmavað, þar sem áin breiðir úr sér. Staksteinótt en almennt sendinn hraunbotn. |

Tafla 1. Framhald.

| | | |
|---|---|---|
| 5 | 1.2.3. | Við Jarlstaði að vestan, klappar-flúð. |
| 5a | 1 | Áveituskurður skammt fyrir ofan stað 5. Haustið 1986 var sett grjót í skurðinn en að öðru leiti er botninn sléttur og þjappaður, fínt gjall og sandur |
| 5b | 1 | Grjóthlass sem sturtað var í ána við efri mörk veiðistaðar 5. |
| 6 | 1.2.3. | Fyrir ofan Núpabrú, í vesturhvísl við hólma. Grýtt flúð. |
| 7 | 1.2.3. | Í kvísl við Eskey, fyrir neðan hólma. Víðast smágrýtt. |

Tafla 2. Samantekt niðurstaðna úr aldursgreiningu hreistur-sýna sem tekin voru úr laxveiðinni í Laxá í Aðaldal sumarið 1987.

| Fjöldi ára í ferskvatni | Fjöldi ára í sjó: 1 ár fj | % | 2 ár fj | % | 3 ár fj | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| gs | 4 | 6 | 3 | 2 | - | - |
| 1+ | 1 | 1 | 13 | 9 | - | - |
| 2+ss | 14 | 20 | - | - | - | - |
| 2+ | 15 | 21 | 48 | 32 | 2 | 29 |
| 3+ | 29 | 41 | 58 | 38 | 4 | 57 |
| 4+ | 6 | 8 | 29 | 19 | 1 | 14 |
| 5+ | 2 | 3 | 1 | 1 | - | - |
| samtals | 71 | 100 | 152 | 101 | 7 | 100 |

Tafla 3. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri og uppruna í Laxá í Aðaldal 1987.

1-2/5 1987

| Stöð | Stærð m | fjöldi veiddra seiða á 100 m² 0+ | 1+ | 1+ss | 2+ | 2+ss/3+ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 80x8 | - | - | - | 0.3 | - |
| 2 | 40x6 | - | 1.2 | - | - | - |
| 2a | 40x10 | - | 3.5 | - | 2.2 | 0.2 |
| 2b | 4x20 | - | - | - | - | - |
| 2c | 4x20 | - | 2.5 | - | 12.5 | - |
| 3 | 60x5 | - | 11.3 | - | 5.0 | 0.3 |
| 4 | 40x5 | - | 4.5 | - | 3.0 | - |
| 5 | 45x8 | - | 0.6 | - | 0.6 | - |
| 5a | 40x2 | - | 8.7 | 7.5 | 13.7 | - |
| 5b | 2x4 | - | 12.5 | 37.5 | 100.0 | 12.5 |
| 6 | 45x10 | - | 0.7 | 2.2 | 3.3 | 0.2 |
| 7 | 60x10 | - | 1.7 | 4.3 | 4.3 | 1.5 |

4/8 1987

| Stöð | Stærð m | fjöldi veiddra seiða á 100 m² 0+ | 0+ss | 1+ | 1+ss | 2+ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 70x10 | 5.0 | 1.0 | 0.9 | - | - |
| 2 | 40x8 | 5.3 | 1.2 | 2.8 | - | - |
| 2d | 8x10 | 7.5 | 1.2 | 2.5 | - | - |
| 2e | 8x10 | 22.5 | 22.5 | 36.2 | - | 3.7 |
| 3 | 60x5 | 6.7 | - | 2.7 | - | - |
| 4 | 50x5 | 2.0 | 1.6 | 2.0 | - | - |
| 4a | 50x15 | 1.1 | 0.8 | 1.2 | - | 0.1 |
| 4b | 40x15 | 4.1 | - | 1.3 | - | - |
| 5 | 45x8 | 31.9 | 2.8 | 2.2 | 0.8 | - |
| 6 | 45x20 | 0.9 | 1.7 | 2.4 | 1.0 | - |
| 7 | 60x10 | - | - | 8.0 | 6.8 | 1.1 |

10/9 1987

| Stöð | Stærð m | fjöldi veiddra seiða á 100 m² 0+ | 0+ss | 1+ | 1+ss | 2+ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 40x8 | 10.3 | 1.2 | 1.9 | - | 0.3 |
| 2 | 40x10 | 3.75 | 1.5 | 1.7 | - | - |
| 3 | 50x6 | 4.0 | 0.7 | 3.0 | - | - |
| 4 | 60x10 | 3.7 | 1.0 | 1.2 | 0.8 | - |
| 5 | 45x8 | 14.7 | 1.4 | 2.2 | - | - |
| 6 | 45x20 | 0.8 | 1.1 | 3.4 | 0.6 | - |
| 7 | 60x10 | 1.0 | - | 9.5 | 5.3 | 1.5 |

Tafla 4. Fjöldi veiddra urriðaseiða af mismunandi aldri í Laxá í Aðaldal 1987.

1-2/5 1987

| Staður nr | Stærð m | fjöldi veiddra seiða á 100 $m^2$ 0+ | 1+ | 2+ |
|---|---|---|---|---|
| 2 | 40x6 | - | 2.5 | 0.4 |
| 2a | 40x10 | - | 3.7 | - |
| 2b | 4x20 | - | - | - |
| 2c | 4x20 | - | 1.3 | 3.0 |
| 3 | 60x5 | - | 6.7 | - |
| 4 | 40x5 | - | 4.5 | - |
| 5 | 45x8 | - | 1.4 | 0.6 |
| 5a | 40x2 | - | 6.2 | 10.0 |
| 5b | 2x4 | - | 62.5 | 12.5 |
| 6 | 45x10 | - | 0.4 | 0.4 |
| 7 | 60x10 | - | 0.3 | 0.3 |

5/8 1987

| Staður | Stærð m | fjöldi veiddra seiða á 100 $m^2$ 0+ | 1+ | 2+ |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 70x10 | 1.1 | 0.6 | - |
| 2 | 40x8 | 6.2 | 3.1 | - |
| 2d | 8x10 | - | 2.5 | - |
| 2e | 8x10 | 11.2 | 62.5 | - |
| 3 | 60x5 | 4.3 | 3.7 | 0.3 |
| 4 | 50x5 | - | 3.2 | - |
| 4a | 50x5 | 0.1 | 0.1 | - |
| 4b | 40x15 | 2.2 | 0.1 | - |
| 5 | 45x8 | 11.1 | 1.4 | - |
| 6 | 45x20 | - | 0.8 | - |
| 7 | 60x10 | 1.5 | 1.2 | - |

10/9 1987

| Staður nr | Stærð m | Fjöldi veiddra seiða á 100 $m^2$ 0+ | 1+ | 2+ |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 40x8 | 1.9 | 2.2 | - |
| 2 | 40x10 | 5.0 | 1.0 | - |
| 3 | 60x5 | 10.7 | 4.7 | 0.7 |
| 4 | 60x10 | 1.5 | 0.5 | - |
| 5 | 45x8 | 5.3 | 0.8 | - |
| 6 | 45x20 | - | 0.7 | - |
| 7 | 60x10 | 0.3 | 0.7 | - |




<u>Mynd 1.</u> Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Laxá í Aðaldal 1-2/5 1987.




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Laxá í Aðaldal 4/8 1987.




Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Laxá í Aðaldal 10/9 1987.




Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í Laxá í Aðaldal 1-2/5 1987.




<u>Mynd 5</u>. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í Laxá í Aðaldal 4/8 1987.




Mynd 6. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá í Aðaldal 10/9 1987.

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754 – 101 REYKJAVÍK

**HREISTURSÝNI**

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Fisktegund: Lax

Sendandi: 

Fjöldi sýna: 248

Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 13·05 | | 96 | | 3+ | 2+ | |
| 2 | 01·06 | | 94 | 8.000 | 2+ | 2+ | Spegilflúð |
| 3 | 01·06 | | 91 | 7.500 | 4 | 2+ | — " — |
| 4 | 16·06 | ♀ | 87 | 7.500 | 3+ | 2+ | |
| 5 | 16·06 | ♂ | 90 | 9.000 | ólæsilegt hr | | |
| 6 | 16·06 | ♀ | 86 | 6.500 | 3+ | 2+ | |
| 7 | 16·06 | ♀ | 88 | 7.800 | 3+ | 2+ | |
| 8 | 17·06 | ♀ | 84 | 6.500 | 3+ | 2+ | |
| 9 | 17·06 | ♂ | 96 | 9.000 | 2+ | 2+ | |
| 10 | 17·06 | ♂ | 90 | 8.500 | 3+ | 1+hr 1+ | |
| 11 | 18·06 | ♀ | 86 | 8.000 | 3+ | 2+ | |
| 12 | 18·06 | ♀ | 85 | 6.000 | 1+ | 2+ | |
| 13 | 18·06 | ♀ | 89 | 7.500 | 3 | 2+ | |
| 14 | 18·06 | ♀ | 89 | 7.500 | 3 | 2+ | |
| 15 | 18·06 | ♀ | 84 | 7.000 | 2+ | 2+ | |
| 16 | 18·06 | ♂ | 104 | 2.400 | 3 | 3+ | |
| 17 | 18·06 | ♂ | 98 | 9.400 | 2+ | 2+ | Háleitahola |
| 18 | 19·06 | ♀ | 78 | 5.500 | 3+ | 2+ | Bjargstrengur |
| 19 | 19·06 | ♀ | 87 | 7.500 | 1+ | 2+ | Kirkjuhylur |
| 20 | 19·06 | ♀ | 74 | 4.500 | 2+ | 2+ | — " — |
| 21 | 20·06 | ♀ | 90 | 8.000 | 2+ | 2+ | Miðfoss |
| 22 | 20·06 | ♀ | 83 | 5.500 | 2+ | 2+ | Flös |
| 23 | 20·06 | ♂ | 85 | 7.000 | 3 | 2+ | Bjargstrengur |
| 24 | 21·06 | | 84 | 6.000 | 1+ | 2+ | Hólmavaðsstífla |
| 25 | 21·06 | ♀ | 86 | 6.500 | 4 | 2+ | |
| 26 | 21·06 | | 82 | 5.000 | 2+ | 2+ | Miðfoss |
| 27 | 24·06 | | 94 | 8.000 | 4+ | 1+hr 1+ | Heiðarendi |
| 28 | 24·06 | | 90 | 7.500 | 4+ | 2+ | |
| 29 | 24·06 | ♀ | 85 | 7.000 | 3+ | 2+ | |
| 30 | 24·06 | ♀ | 84 | 6.500 | 2+ | 2+ | |
| 31 | 24·06 | ♀ | 86 | 7.500 | 2+ | 2+ | |
| 32 | 24·06 | ♀ | 84 | 5.500 | 5 | 2+ | |
| 33 | 24·06 | ♀ | 82 | 6.000 | 4 | 2+ | |

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 – 101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Sendandi:

Fisktegund: Lax

Fjöldi sýna: 248

Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 34 | 24.06 | ♀ | 81 | 5.500 | 3 | 2+ | |
| 35 | 24.06 | ♀ | 82 | 6.000 | 4+ | 2+ | |
| 36 | 24.06 | ♀ | 77 | 5.000 | 4+ | 2+ | |
| 37 | 24.06 | ♀ | 81 | 6.000 | 1+ | 2+ | |
| 38 | 24.06 | ♀ | 85 | 7.000 | 4 | 2+ | |
| 39 | 24.06 | ♂ | 95 | 9.500 | 3 | 2+ | |
| 40 | 24.06 | ♀ | 85 | 7.500 | 2+ | 2+ | |
| 41 | 24.06 | ♀ | 88 | 8.000 | 3 | 2+ | |
| 42 | 24.06 | ♂ | 94 | 9.500 | 3+ | 3 | |
| 43 | 24.06 | ♂ | 98 | 10.000 | 1+ | 2+ | |
| 44 | 24.06 | ♀ | 75 | 4.500 | 3+ | 2+ | |
| 45 | 24.06 | ♀ | 90 | 7.500 | 2+ | 2+ | |
| 46 | 24.06 | | 95 | 9.500 | 3+ | 2+ | Heiðarendi |
| 47 | 24.06 | | 80 | 5.000 | 1+ | 2+ | — " — |
| 48 | 24.06 | ♀ | 87 | 8.500 | 3+ | 2+ | |
| 49 | 24.06 | | 84 | 6.500 | 3 | 2+ | Breiðan |
| 50 | 24.06 | ♀ | 85 | 6.500 | 3+ | 2+ | Hagastraumur |
| 51 | 24.06 | ♀ | 67 | 5.000 | 3+ | 2+ | Heiðarendi |
| 52 | 24.06 | | 85 | 6.000 | 3+ | 2+ | |
| 53 | 24.06 | ♀ | 81 | 5.500 | ónýt hr | | |
| 54 | 25.06 | ♀ | 86 | 6.500 | 2 | 2+ | Höfðahola |
| 55 | 25.06 | ♀ | 79 | 5.000 | 2+ | 2+ | Breiða |
| 56 | 25.06 | ♀ | 74 | 4.000 | 3 | 1+ | Kistukvísl vestan |
| 57 | 28.06 | ♂ | 86 | 6.500 | 3+ | 2+ | Brúarstrengur |
| 58 | 01.07 | ♀ | 85 | 7.000 | 3+ | 2+ | Hagastraumur |
| 59 | 01.07 | ♀ | 90 | 7.500 | 2+ | 2+ | — " — |
| 60 | 01.07 | ♀ | 75 | 4.400 | ólæsileg hr | | |
| 61 | 01.07 | | 62 | 2.700 | 2+ | 1+ SS | |
| 62 | 01.07 | ♀ | 80 | 6.000 | 4+ | 2+ | |
| 63 | 01.07 | ♂ | 98 | 9.500 | 2+ | 2+ | Birgisflúð |
| 64 | 01.07 | ♀ | 85 | 6.000 | 1+ | 2+ | |
| 65 | 01.07 | ♀ | 83 | 5.500 | 4 | 2+ | |
| 66 | 01.07 | ♀ | 85 | 6.000 | 3+ | 2+ | |

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 – 101 REYKJAVÍK

**HREISTURSÝNI**

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal
Sendandi:

Fisktegund: Lax
Fjöldi sýna: 248
Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 67 | 01.07 | ♀ | | 7.000 | 3 | 2+ | |
| 68 | 01.07 | ♂ | | 9.200 | 2+ | 2+ | |
| 69 | 01.07 | ♀ | 82 | 5.500 | 3+ | 2+ | |
| 70 | 01.07 | ♀ | 83 | 6.500 | 2+ | 2+ | |
| 71 | 01.07 | ♀ | 85 | 7.000 | 2+ | 2+ | |
| 72 | 01.07 | ♀ | 82 | 6.000 | 4+ | 2+ | |
| 73 | 01.07 | ♂ | 95 | 8.000 | 3+ | 2+ | Hagabakkar |
| 74 | 01.07 | ♂ | 85 | 6.000 | 3+ | 2+ | — " — |
| 75 | 01.07 | ♂ | 85 | 6.500 | 3+ | 2+ | — " — |
| 76 | 01.07 | ♀ | 80 | 5.000 | 3+ | 2+ | — " — |
| 77 | 01.07 | ♂ | 105 | 11.250 | 2+ | 3 | Hagastraumur |
| 78 | 01.07 | ♀ | 85 | 6.000 | 2+ | 2+ | Suðurhólmi |
| 79 | 01.07 | ♀ | 90 | 6.500 | 2+ | 2+ | — " — |
| 80 | 01.07 | ♀ | 88 | 6.000 | 2+ | 2+ (SS) | Kistukvísl |
| 81 | 01.07 | ♀ | | 7.000 | 3+ | 2+ | Dalur |
| 82 | 01.07 | ♀ | 85 | 6.500 | 4+ | 2+ | Breiða |
| 83 | 02.07 | ♀ | 75 | 4.500 | 3+ | 2+ | |
| 84 | 02.07 | ♂ | 95 | 8.700 | 3+ | 2+Lr 1+ | |
| 85 | 02.07 | ♀ | 90 | 8.000 | 2+ | 2+ | |
| 86 | 02.07 | ♀ | 80 | 5.000 | 3+ | 2+ | |
| 87 | 02.07 | ♂ | 95 | 9.000 | 2+ | 2+ | |
| 88 | 03.07 | ♀ | 81 | 5.500 | 3+ | 2+ | |
| 89 | 04.07 | ♂ | 60 | | 3+ | 1+ | Fjallurinn |
| 90 | 04.07 | | 63 | 2.400 | 3+ | 1+ | |
| 91 | 04.07 | ♂ | 100 | 10.500 | ólæsilegt | hr | Bjargstengur |
| 92 | 04.07 | ♀ | 83 | 6.000 | 4+ | 2+ | Breiðan |
| 93 | 04.07 | ♂ | ~~81~~ 58 | 2.000 | 4+ | 1+ | ~~[illegible]~~ |
| 94 | 04.07 | ~~♀~~ ♂ | ~~[illegible]~~ 100 | 17.000 | 4+ | 3+ | ~~Mjósund~~ Breiða |
| 95 | 04.07 | ♀ | 90 | 7.500 | 2+ | 2+ | Hagabakkar efri |
| 96 | 04.07 | ♂ | 87 | 7.000 | 2+ | 2+ | Fossavað |
| 97 | 04.07 | ♂ | 80 | 4.500 | 4 | 1+Lr + | Heiðarendi |
| 98 | 04.07 | ♀ | 80 | 6.000 | 4 | 2+ | ~~[illegible]~~ Mjósun |
| 99 | 04.07 | ♀ | 85 | 6.000 | 3 | 2+ | Heiðarendi |

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 – 101 REYKJAVÍK

**HREISTURSÝNI**

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Sendandi:

Fisktegund: Lax

Fjöldi sýna: 298

Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 100 | 04.07 | ♀ | 81 | 5.200 | 3 | 2+ | Mjósund |
| 101 | 04.07 | ♀ | 82 | 6.000 | 4+ | 2+ | Stórifoss |
| 102 | 04.07 | ♀ | 94 | 8.500 | 2 | 2+ | Langeyjarpollur |
| 103 | 04.07 | ♀ | 83 | 5.500 | 2+ | 2+ | Æðarfossar |
| 104 | 04.07 | ♀ | 84 | 5.500 | 4 | 2+ | Óseyri |
| 105 | 04.07 | ♀ | 84 | 7.000 | 4+ | 2+ | Brúarstrengur |
| 106 | 04.07 | ♀ | 87 | 7.500 | 2+ | 2+ | Hagastraumur |
| 107 | 04.07 | ♀ | 85 | 6.500 | 3+ | 2+ | Stíflan |
| 108 | 04.07 | ♂ | 97 | 9.500 | 2+ | 2+ | Hagabakkar |
| 109 | 04.07 | ♂ | 95 | 9.000 | 4+ | 2+ | Laugafljót |
| 110 | 04.07 | ♀ | 81 | 6.000 | 3+ | 2+ | Litla-Núpabreiða |
| 111 | 04.07 | ♀ | 80 | 6.000 | 4+ | 2+ | — " — |
| 112 | 04.07 | ♂ | 93 | 8.000 | 3+ | 2+ | — " — |
| 113 | 04.07 | ♂ | 95 | 10.000 | 2+ | 2+ | Brúarfljót |
| 114 | 04.07 | ♀ | 85 | 6.000 | ólæsilegt hr. | | — " — |
| 115 | 04.07 | ♀ | 80 | 5.500 | 3 | 2+ | Brúarstrengur |
| 116 | 04.07 | ♂ | 95 | 8.700 | 2+ | 2+ | Brúarfljót |
| 117 | 04.07 | ♂ | 82 | 7.000 | 3+ | 2+ | Hrútshólmi |
| 118 | 04.07 | ♀ | 88 | 7.000 | 2+ | 2+ | Hagabakki |
| 119 | 04.07 | ♂ | 85 | 7.000 | 2+ | 2+ | Hólmavað |
| 120 | 04.07 | ♂ | 90 | 8.000 | 3+ | 3+ | Hagastraumur |
| 121 | 04.07 | ♂ | 80 | 6.500 | 3+ | 2+ | Suðurhólmi |
| 122 | 04.07 | ♀ | 84 | 7.000 | ólæsilegt hr. | | Mjósund |
| 123 | 05.07 | ♀ | 79 | 5.500 | 4 | 2+ | Brúarstrengur |
| 124 | 07.07 | | 93 | 7.000 | [illegible] | 2+ | |
| 125 | 07.07 | ♂ | 86 | 6.000 | 3+ | 2+ | Breiðan |
| 126 | 07.07 | ♀ | 86 | 7.000 | 4+ | 2+ | Mjósund |
| 127 | 07.07 | ♂ | 70 | 4.000 | 2+ | 1+ ss | |
| 128 | 07.07 | | 50 | 2.000 | 3+ | 1+ | |
| 129 | 11.07 | ♀ | 86 | 7.000 | 3+ | 2+ | |
| 130 | 12.07 | | 67 | 3.000 | 3+ | 1+ | |
| 131 | 12.07 | | 65 | 3.000 | 2+ | 1+ | |
| 132 | 14.07 | ♀ | 82 | 6.500 | 2+ | 2+ | |

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754 - 101 REYKJAVÍK

**HREISTURSÝNI**

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Sendandi:

Fisktegund: Lax

Fjöldi sýna: 248

Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 133 | 14.07 | ♀ | 77 | 5.900 | 2+ | 2+ | |
| 134 | 14.07 | ♀ | 60 | 2.000 | 3+ | 1+ | |
| 135 | 14.07 | ♀ | 77 | 5.400 | 4+ | 2+ | |
| 136 | 16.07 | ♂ | 102 | 11.500 | 2+ | 2+ | |
| 137 | 18.07 | ♂ | 65 | 3.500 | gs | 1+ | |
| 138 | 18.07 | ♀ | 90 | 7.000 | ólæsileg hr | | |
| 139 | 18.07 | ♂ | 98 | 8.500 | 2+ | 2+ | |
| 140 | 18.07 | ♂ | 97 | 9.000 | 1+ | 2+ | |
| 141 | 18.07 | ♀ | 85 | 5.500 | 1+ | 2+ | |
| 142 | 18.07 | ♂ | 65 | 2.500 | 3+ | 1+ | |
| 143 | 18.07 | ♀ | 92 | 7.000 | 3+ | 2+ | |
| 144 | 18.07 | ♂ | 65 | 3.000 | 2+ | 1+ | |
| 145 | 18.07 | ♀ | 65 | | 2+ | 1+ | |
| 146 | 18.07 | ♀ | 79 | 5.000 | ónýt hr | | |
| 147 | 20.07 | ♂ | 103 | 11.500 | 2+ | 2+ | |
| 148 | 21.07 | | 98 | 10.500 | 3+ | 2+ | Hnúthólmi |
| 149 | 21.07 | ♀ | 68 | 3.000 | 3 | 1+ | |
| 150 | 21.07 | | 85 | 6.000 | 4+ | 2+ | |
| 151 | 21.07 | ♂ | 65 | 3.000 | 2+ | 1+ | |
| 152 | 21.07 | ♀ | 80 | 5.000 | 3 | 2+ | |
| 153 | 21.07 | ♂ | 96 | 8.500 | 4 | 2+ | |
| 154 | 21.07 | | 87 | 7.000 | 3+ | 2+ | |
| 155 | 21.07 | ♀ | 55 | 2.000 | 2+ | 1+ | |
| 156 | 21.07 | ♀ | 65 | 3.000 | 2 | 1+ SS | |
| 157 | 21.07 | ♂ | 61 | 2.250 | 3+ | 1+ | |
| 158 | 21.07 | ♀ | 84 | 6.500 | 2+ | 2+ | |
| 159 | 21.07 | ♀ | 85 | 7.500 | 3+ | 2+ | |
| 160 | 21.07 | [illegible] | 95 | 8.500 | 2+ | 2+ | |
| 161 | 21.07 | ♂ | 66 | 3.000 | 2+ | 1+ | |
| 162 | 25.07 | ♀ | 85 | 7.000 | 2+ | 2+ | |
| 163 | 25.07 | ♀ | 62 | 2.000 | 3+ | 1+ | Hodarendi |
| 164 | 25.07 | ♂ | 62 | 2.500 | 2 | 1+ SS | — " — |
| 165 | 25.07 | ♀ | 80 | 8.000 | 1+ | 2+ | Syðri Seltangi |

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 - 101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Sendandi:

Fisktegund: Lax

Fjöldi sýna: 248

Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 133 | 14.07 | ♀ | 77 | 5.900 | 2+ | 2+ | |
| 134 | 14.07 | ♀ | 60 | 2.000 | 3+ | 1+ | |
| 135 | 14.07 | ♀ | 77 | 5.400 | 4+ | 2+ | |
| 136 | 16.07 | ♂ | 102 | 11.500 | 2+ | 2+ | |
| 137 | 18.07 | ♂ | 65 | 3.500 | gs | 1+ | |
| 138 | 18.07 | ♀ | 90 | 7.000 | ólæsileg hr | | |
| 139 | 18.07 | ♂ | 98 | 8.500 | 2+ | 2+ | |
| 140 | 18.07 | ♂ | 97 | 9.000 | 1+ | 2+ | |
| 141 | 18.07 | ♀ | 85 | 5.500 | 1+ | 2+ | |
| 142 | 18.07 | ♂ | 65 | 2.500 | 3+ | 1+ | |
| 143 | 18.07 | ♀ | 92 | 7.000 | 3+ | 2+ | |
| 144 | 18.07 | ♂ | 65 | 3.000 | 2+ | 1+ | |
| 145 | 18.07 | ♀ | 65 | | 2+ | 1+ | |
| 146 | 18.07 | ♀ | 79 | 5.000 | ónýt hr | | |
| 147 | 20.07 | ♂ | 103 | 11.500 | 2+ | 2+ | |
| 148 | 21.07 | | 98 | 10.500 | 3+ | 2+ | Hnithólmi |
| 149 | 21.07 | ♀ | 68 | 3.000 | 3 | 1+ | |
| 150 | 21.07 | | 85 | 6.000 | 4+ | 2+ | |
| 151 | 21.07 | ♂ | 65 | 3.000 | 2+ | 1+ | |
| 152 | 21.07 | ♀ | 80 | 5.000 | 3 | 2+ | |
| 153 | 21.07 | ♂ | 96 | 8.500 | 4 | 2+ | |
| 154 | 21.07 | | 87 | 7.000 | 3+ | 2+ | |
| 155 | 21.07 | ♀ | 55 | 2.000 | 2+ | 1+ | |
| 156 | 21.07 | ♀ | 65 | 3.000 | 2 | 1+ ss | |
| 157 | 21.07 | ♂ | 61 | 2.250 | 3+ | 1+ | |
| 158 | 21.07 | ♀ | 84 | 6.500 | 2+ | 2+ | |
| 159 | 21.07 | ♀ | 85 | 7.500 | 3+ | 2+ | |
| 160 | 21.07 | [illegible] | 95 | 8.500 | 2+ | 2+ | |
| 161 | 21.07 | ♂ | 66 | 3.000 | 2+ | 1+ | |
| 162 | 25.07 | ♀ | 85 | 7.000 | 2+ | 2+ | |
| 163 | 25.07 | ♀ | 62 | 2.000 | 3+ | 1+ | Hodarendi |
| 164 | 25.07 | ♂ | 62 | 2.500 | 2 | 1+ ss | — " — |
| 165 | 25.07 | ♀ | 80 | 8.000 | 1+ | 2+ | Syðri Sellangi |

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 – 101 REYKJAVÍK

**HREISTURSÝNI**

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Fisktegund: Lax

Sendandi:

Fjöldi sýna: 248

Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 166 | 25·07 | ♂ | 95 | 8.500 | 3+ | 2+ | |
| 167 | 25·07 | ♀ | 87 | 6.500 | 3 | 2+ | Brúarhylur |
| 168 | 25·07 | ♂ | 65 | 2.500 | 2+ | 1+ | Laxhólmi |
| 169 | 25·07 | ♀ | 62 | 2.000 | 3+ | 1+ | Heiðarendi |
| 170 | 25·07 | ♂ | 105 | 11.000 | 3+ | 3+ | |
| 171 | 25·07 | ♀ | 86 | 6.500 | 4 | 2+ | |
| 172 | 25·07 | | 68 | 2.500 | 2+ | 1+ SS | |
| 173 | 25·07 | ♂ | 96 | 9.800 | 3+ | 2+ Hr 1+ | Birgisflúð |
| 174 | 28·07 | ♀ | 90 | 8.000 | ólæsilegt hr | | Hrúthólmakvísl |
| 175 | 28·07 | ♂ | 60 | 2.500 | 2+ | 1+ | Kvíusker |
| 176 | 28·07 | ♂ | 96 | 6.000 | 2+ | 2+ Hr+ | Hrúnhorn |
| 177 | 28·07 | ♂ | 58 | 2.000 | 3+ | 1+ | Heiðarendaflúð |
| 178 | 28·07 | ♂ | 98 | 10.500 | gs | 2+ | Mjósund |
| 179 | 28·07 | ♂ | 100 | 10.500 | 2+ | 3+ | Hrúthólmakvísl |
| 180 | 28·07 | ♂ | 55 | 2.000 | 3+ | 1+ | Heiðarendaflúð |
| 181 | 28·07 | ♀ | 60 | 1.800 | 3+ | 1+ | Hagabakki |
| 182 | 28·07 | ♂ | 81 | 5.500 | 3+ | 2+ | Miðfoss |
| 183 | 28·07 | ♀ | 87 | 8.000 | 3 | 2+ | Litla Núpa-breiða |
| 184 | 28·07 | ♂ | 100 | 9.000 | 2+ | 2+ | Óseyri |
| 185 | 28·07 | ♂ | 63 | 2.500 | 2 | 1+ | Breiðan |
| 186 | 28·07 | ♂ | 69 | 3.500 | 2 | 1+ SS | — " — |
| 187 | 28·07 | ♂ | 58 | 2.000 | 3+ | 1+ | Sion-Foss |
| 188 | 28·07 | ♂ | 63 | 2.000 | 2+ | 1+ SS | Miðfoss |
| 189 | 28·07 | ♂ | 61 | 2.500 | 2+ | 1+ | Óseyri |
| 190 | 28·07 | ♂ | 65 | 3.000 | 2 | 1+ SS | Brúarstrengur |
| 191 | 28·07 | ♂ | 92 | 8.000 | 3+ | 2+ | Eskeyjarflúð |
| 192 | 28·07 | ♂ | 65 | 2.500 | 2 | 1+ SS | Miðfoss |
| 193 | 28·07 | ♂ | 65 | 2.500 | 2 | 1+ | Breiðan |
| 194 | 28·07 | ♂ | 65 | 2.500 | 5+ | 1+ | — " — |
| 195 | 29·07 | ♀ | 65 | 2.600 | 3 | 1+ | Heiðarendi |
| 196 | 29·07 | ♀ | 92 | 7.500 | 3+ | 2+ | Mjósund |
| 197 | 01·08 | ♀ | 85 | 6.000 | 3+ | 2+ | |
| 198 | 04·08 | ♂ | 70 | 3.000 | 2+ | 1+ | Breiðan |

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 – 101 REYKJAVÍK

**HREISTURSÝNI**

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Fisktegund: Lax

Sendandi:

Fjöldi sýna: 248

Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 199 | 04.08 | ♂ | 65 | 3.000 | 3+ | 1+ | Bjargstengur |
| 200 | 04.08 | ♂ | 65 | 3.000 | 2+ | 1+ ss | Flösin |
| 201 | 04.08 | ♂ | 62 | 2.500 | 3+ | 1+ | Miðfoss |
| 202 | 04.08 | ♂ | 65 | 2.500 | 2+ | 1+ | Brúarflúð |
| 203 | 04.08 | ♀ | 85 | 5.000 | 2+ | 2+ | Hagabakkar syðri |
| 204 | 04.08 | ♂ | 62 | 2.500 | 3+ | 1+ | Laxhólmi |
| 205 | 04.08 | ♂ | 65 | 2.500 | 2+ | 1+ ss | Slóri-Foss |
| 206 | 04.08 | ♀ | 80 | 6.000 | 4+ | 2+ | Breiðan |
| 207 | 04.08 | ♂ | 60 | 2.500 | 3+ | 1+ | Bjargstengur |
| 208 | 04.08 | ♂ | 70 | 3.500 | 2+ | 1+ | — " — |
| 209 | 04.08 | ♂ | 72 | 4.000 | 3+ | 1+ | — " — |
| 210 | 04.08 | ♀ | 63 | 2.500 | 3+ | 1+ | — " — |
| 211 | 04.08 | ♂ | 65 | 2.500 | 2 | 1+ ss | Mjósund |
| 212 | 04.08 | ♂ | 60 | 2.000 | 3+ | 1+ | — " — |
| 213 | 04.08 | ♀ | 80 | 5.000 | ónýt hr | | Skriðeyjarbrot |
| 214 | 04.08 | ♂ | 93 | 8.500 | 4 | 2+hr 1+ | Brúarhylur |
| 215 | 04.08 | ♀ | 85 | 6.500 | 2+ | 2+ | — " — |
| 216 | 04.08 | ♂ | 61 | 2.500 | 4+ | 1+ | Dýjaveitur |
| 217 | 04.08 | ♂ | 60 | 2.500 | 2+ | 1+ ss | Eyjakvíslar |
| 218 | 08.08 | ♀ | 83 | 7.000 | 4 | 2+ | Brúarstrengur |
| 219 | 08.08 | ♀ | 85 | 7.500 | 4+ | 2+ | Brúarhylur |
| 220 | 17.08 | ♂ | 66 | 3.100 | 4+ | 1+ | Mjósund |
| 221 | 17.08 | ♂ | 63 | 2.500 | 3+ | 1+ | Breiðan |
| 222 | 17.08 | ♂ | 65 | 2.600 | 4+ | 1+ | Brúarstrengur |
| 223 | 17.08 | ♂ | 93 | 7.800 | 4+ | 2+ | Mjósund |
| 224 | 17.08 | ♂ | 64 | 2.500 | 3+ | 1+ | — " — |
| 225 | 17.08 | ♂ | 61 | 2.600 | 3+ | 1+ | Brúarhylur |
| 226 | 17.08 | ♀ | 80 | 5.700 | 2+ | 2+ | Brúarflúð |
| 227 | 20.08 | ♂ | 68 | 3.100 | 4 | 1+ | Breiðan |
| 228 | 20.08 | ♂ | | 2.500 | gs | 1+ | Mjósund |
| 229 | 20.08 | ♂ | | 6.500 | 4+ | 2+ | — " — |
| 230 | 20.08 | ♂ | | 2.000 | 3+ | 1+ | — " — |
| 231 | 20.08 | ♀ | | 5.000 | 1+ | 2+ | — " — |

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 - 101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Fisktegund: Lax

Sendandi:

Fjöldi sýna: 248

Veiðiár: 1987

| Númer | Veiðidagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 232 | 21·08 | ♀ | 85 | 6.000 | gs | 2+ | Mjósund |
| 233 | 28·08 | ♂ | 98 | 8.500 | 3+ | 2+ | Stóri-Foss |
| 234 | 28·08 | ♂ | 68 | 3.000 | 2+ | 1+ ssg | Breiðan |
| 235 | 28·08 | ♂ | 58 | 2.000 | gs | 1+ | Stóri-Foss |
| 236 | 28·08 | ♀ | 88 | 8.000 | 2+ | 2+ | Brúarflúð |
| 237 | 28·08 | ♂ | 66 | 3.000 | 5 | 1+ | Stóri-Foss |
| 238 | 28·08 | ♂ | 58 | 2.000 | 1+ | 1+ ss | — " — |
| 239 | 28·08 | ♀ | 80 | 5.000 | 3+ | 2+ | Brúarhylur |
| 240 | | ♂ | 64 | 2.500 | 3+ | 1+ | Æðarfossar |
| 241 | | ♂ | 78 | 5.500 | 2+ | 2+ | Óseyri |
| 242 | | ♂ | 95 | 8.000 | 1+ | 2+ | |
| 243 | | ♂ | | 3.500 | gs | 1+ | Hólmavaðsstífla |
| 244 | | ♂ | | 3.000 | ólæsilegt hr | | Brúarhylur |
| 245 | | ♂ | 55 | 1.500 | 4+ | 1+ | Stóri-Foss |
| 246 | | ♂ | 60 | 2.000 | 3+ | 1+ | Breiðan |
| 247 | | ♂ | 95 | 9.000 | 1+ | 2+ | Stóri-Foss |
| 248 | | ♂ | 60 | 2.000 | 2+ | 1+ | Breiða |